



Loftslagsráðstefna í Glasgow í skugga fyrirsjáanlegs orkuskrorts

Frá árinu 1995 hafa aðilar Ríðsamningsins komið árlega saman, nema á árinu 2020. Mörg borgarnöfn hljóma kunnuglega í þessu sambandi: Balí, Kýótó, Durban og Kaupmannahöfn. Parísarsamkomulagið var gert árið 2015 og nú í vikunni er svo enn haldin ný ráðstefna, í Glasgow. Á öllu þessu tímabili hefur hlýnun jarðar svo haldið áfram, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið í öll skiptin að nú færi hver að verða síðastur til þess að taka stór skref í rétta átt.

Hlutfall koltvíoxíðs¹ í andrúmsloftinu var nokkuð stöðugt allt frá örófi alda fram á 19. öld, á bilinu 275-285 ppm. Í kringum 1910 var hlutfallið komið upp í 300 og nú er það komið upp í 412 ppm. Á u.þ.b. einni öld hefur hlutur CO₂ í andrúmsloftinu því aukist hundrað sinnum meira en á þúsund árum þar á undan.

Það er ekki nokkur vafi á því að aukning kolefnis í andrúmsloftinu er komin til af mannavöldum, aðallega með bruna jarðefnaeldsneytis, en einnig með eyðingu skóga og umbreytingu þeirra og annars landrýmis yfir í ræktarland. Svo lengi sem þessi þróun heldur áfram með sama hætti og nú munu gróðurhúsalofttegundir halda áfram að aukast.

Jarðefnaeldsneyti hefur haft afgerandi þýðingu fyrir efnahagsþróun í heiminum í tvær aldir. Kol og olía hafa leikið stórt hlutverk í umbreytingum í framleiðslu og atvinnulífi sem jók framleiðni verulega og skapaði þannig grundvöll fyrir aukinni fólksfjölgun og velferð.


Allt byrjaði í Ríó 1992

Árið 1992 var hlutfall CO₂ í andrúmsloftinu 356 ppm og áhyggjur manna af hlýnun jarðar voru teknar að aukast. Það ár samþykktu þjóðir heims á loftslagsráðstefnunni í Ríó de Janeiro að skuldbinda sig til þess að hægja á gróðurhúsaáhrifum.


Staðfesting á París?

Parísarsamningurinn frá 2015 skuldbatt alla aðila til þess vinna að því að halda hlýnun loftslags á

Losun á CO₂ eftir uppruna



Ársbreyting á kolanotkun 2020



¹ Mælieiningin er hlutfall CO₂ af milljón einingum í andrúmsloftinu (e. parts per million, ppm).



jörðinni innan við 2° miðað við ástandið fyrir iðnbýltingu. Í Glasgow fá þessar þjóðir tækifæri til þess að skýra frá aðgerðum sínum og áætlunum, en almennt er talið að ekki komi marga nýtt fram sem bendi til þess að þessum markmiðum verði náð.

Skrýtið ástand á orkumörkuðum

Ástand orkumála hefur breyst mikið á stuttum tíma. Á síðustu árum fyrir faraldurinn bjuggu Vesturlönd við ofgnótt orku. Olíuiðnaðurinn og OPEC-ríkin, sem lengi höfðu reynt að takmarka framboð olíu til þess að halda verði uppi, stóðu allt í einu frammi fyrir stórauðnu framboði. Aukin olíuframleiðsla í Ameríku, m.a. úr olíusandi, lækkaði olíuverð og því til viðbótar hefur verð á nýrri hreinni orku frá t.d. vindi og sól lækkaði mikið.

Á síðustu mánuðum hefur orkuskortur aftur komist í kastljósið. Sumar stærstu fréttar af þessu vísa kannski ekki í beinan skort, eins og t.d. vöntun á flutningabílstjórum í Bretlandi eða þegar Kínverjar loka fyrir rafmagn til stóriðju til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Minni fjárfestingar í olíu- og kolavinnslu

Mikilvægur þáttur í meintum orkuskorti, sem mögulega á eftir að aukast á næstu áru, eru minni fjárfestingar í olíu-, gas- og kolavinnslu². Að hluta til kemur þetta til af þeirri ofgnótt orku sem við vorum farin að venjast á síðustu árum, en ástæðan er ekki síður stórauðnar áherslum við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.


Þessi þróun hefur svo orðið til þess að verð á olíu og gasi hefur hækkað mikið. Reyndar á hegðun OPEC-ríkjanna þátt í þessari stöðu þar sem samtökin hafa ekki aukið framboð olíu til þess að mæta þessum aðstæðum.

Áhrifin á verðbólgu í heiminum verða töluverð og neikvæð, allavega til skemmri tíma. Til lengri tíma getur þessi staða hins vegar orðið til þess að hraða þróuninni í áttina að grænni og hagkvæmari orkukostum.

Erfið staða olíuframleiðslu

Olíuiðnaðurinn myndi undir venjulegum kringumstæðum bregðast við miklu framboði og


Spár um eftirspurn eftir olíu



Verð á Brent-olíufati í USD



Rafmagnsframleiðsla og losun CO₂



² Heimild: Goldman Sachs



verðhækkunum með því að auka framleiðsluna. En það er erfitt á tímum samfélagslegrar kröfu um minnkandi losun. Stóru olíufélögin eru undir þrýstingi fjárfesta um að fara sér hægt og sum þeirra taka nú þegar þátt í umbreytingu yfir í hreinni orku. Þó verð hafi hækkað mikið eru lítil merki um að fjárfestingar séu að aukast í greininni.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.